

Nd.

324. Nefndarálit

[62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd fjallaði um frv. þetta, en þar náðist engin meirihlutaafstaða fram um afstöðu til frv.

Einn nefndarmanna, Ingvar Gíslason, sem er formaður nefndarinnar, var fjarstaddur. Undirritaðir nefndarmenn, sem standa að þessu minnihlutaáliti, líta svo á, að ef frumvarp þetta verður samþykkt verði brotið niður það skipulag fræðslumála á grunnskólastigi sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla, nr. 63 frá 21. maí 1974. Í II. kafla laganna, 10. gr., er landinu skipt í fræðsluumdæmi. Í öllum umdæmunum hafa fræðsluskrifstofur tekið til starfa og fræðslustjórar verið ráðnir. Ef horfið yrði að því ráði að heimila stofnun fræðsluskrifstofu í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri, er um grundvallarstefnubreytingu að ræða. Undir þau heimildarákvæði féllu nú þrjú sveitarfélög, þ. e. Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur. Hugsanlega mundi breyting nú í samræmi við frv. leiða til þeirrar breytingar síðar, að undir heimildarákvæðin féllu tvö eða fleiri nágrannasveitarfélög með samtals 10 þús. íbúum, ef þau sameinast um að óska eftir sérstakri fræðsluskrifstofu. Það yrði stigsmunur, en ekki grundvallarbreyting.

Stofnun og rekstur fræðsluskrifstofa er liður í þeirri viðleitni að dreifa valdi og færa yfirstjórn út til héraðanna. Á þetta ekki aðeins við um skólamál, heldur og fleiri málaflokka. Kjördæmi til alþingiskosninga móta nú umdæmi fræðsluráðanna. Til athugunar er hjá stjórnskipaðri nefnd, hvort þetta séu hin einu og réttu mörk. Eðlilegt virðist að samræma umdæmi yfirstjórnar í héraði varðandi einstaka málaflokka.

Ef frv. þetta yrði samþykkt yrði það spor í öfuga átt, yki glundroða og kostnað ríkissjóðs.

Undirritaðir nefndarmenn leggja því til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 30. jan. 1978.

Gunnlaugur Finnsson,
frsm.

Svava Jakobsdóttir.

Magnús T. Ólafsson.